

Aganefnd LH

Mál nr. 3/2007

Aganefnd LH kom saman 7. júní 2007. Í aganefnd eiga sæti Þorvaldur Sigurðsson formaður, Atli Már Ingólfsson og Sæþór Fannberg.

Tekið er fyrir mál nr. 3/2007:

Frá yfirdómnefnd á gæðingakeppni Gusts, Kópavogi, 2. júní 2007/Gísli Geir Gylfason, dómari mótsins.

Tekin er fyrir skýrsla yfirdómnefndar á móti Gusts sem haldið var í Kópavogi, 2. júní 2007.

Yfirdómnefnd mótsins skipuðu:

Einar Ragnarsson, yfirdómari

Tryggvi Tryggvason, mótsstjóri

Sigurður Halldórsson, fulltrúi knapa.

Gögn málsins:

Fyrir liggur skýrsla yfirdómnefndar mótsins.

Málsatvik:

Það vítaverða atvik átti sér stað að Gísli Geir Gylfason, sem skráður var sem dómari í tölkeppni mætti ekki til að dæma úrslit og lét ekki vita um ástæðu forfalla.

Forsendur fyrir niðurstöðu Aganefndar:

Atvik málsins eru þau að skráður dómari í keppni í tölti mætti ekki til leiks og bárust engar skýringar á forföllum hans. Atvik af þessu tagi er litið alvarlegum augum af hálfu aganefndar þar sem afleiðingar ofangreindrar háttsemi geta verið alvarlegar fyrir framkvæmd viðkomandi móts. Með vísan til greinar 2.8.9.2, í lögum og reglum um keppni á vegum LH og með vísan til 2. gr. reglugerðar um Aganefnd LH, telur nefndin að svipta skuli Gísla Geir Gylfason dómaraéttindum hans í einn mánuð frá upphafsdegi umrædds móts, þ.e. frá 2. júní 2007 að telja.

Niðurstaða aganefndar LH:

Gísli Geir Gylfason er sviptur dómaraéttindum sínum í einn mánuð frá 2. júní 2007.

Aðild að málinu er rétt

Reykjavík 7. júní 2007, f.h. Aganefndar LH,

Þorvaldur Sigurðsson.

Atli Már Ingólfsson.

Sæþór Fannberg.